

**Ed.**

### **371. Nefndarálit**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum og sent það til umsagnar Stórstúku Íslands, og fylgir svar hennar hér sem fylgiskjal. Algert samkomulag náðist ekki milli allra nefndarmanna. Brynjólfur Bjarnason mun hafa einhverja sérstöðu í málinu. Lárus Jóhannesson var fjarstaddur.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

#### **BREYTINGU:**

1. gr. frv. hljóði þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja til bindindisstarfsemi í landinu fjárhæð, sem svarar þrem fjórðu hundraðshlutum af allt að 40 millj. kr. árlegum hreinum hagnaði áfengisverzlunar ríkisins og einum hundraðshluta af þeim hreina hagnaði, sem er yfir 40 milljónir króna á ári.

Alþingi, 20. febr. 1948.

Guðm. Í. Guðmundsson,  
form.

Þorst. Þorsteinsson,  
frsm.

Páll Zóphóniasson.

#### **Fylgiskjal.**

STÓRSTÚKA ÍSLANDS I.O.G.T.

Reykjavík, 19. nóv. 1947.

Út af bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er umsagnar Stórstúku Íslands um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi, skal eftirfarandi tekið fram:

Stórstúkan lýsir ánægju sinni yfir þeim skilningi, sem frumvarpið virðist bera vott um, að góðtemplarareglunni sé nú mikil nauðsyn á allmiklu fé til þess fyrst og fremst að geta eignast hæfilegt húsnæði í höfuðborginni fyrir starfsemi reglunnar og að ríkinu beri skylda til að gera reglunni þetta fjárhagslega kleift.

Jafnframt vill stórstúkan taka fram, að eðlilegra hefði verið að í fyllra samræmi við óskir stórstúkunnar, að ríkið veitti góðtemplarareglunni fé til húsbýgginga og annarra framkvæmda reglunnar beint úr ríkissjóði, án þess að slík fjárframlög væru háð sölu áfengisverzlunar ríkisins, eins og hún kann að verða á hverjum tíma.

En með því að sú leið hefur verið reynd án árangurs og frekari tilraunir virðast hæpnar, eins og sakir standa, en málið þolir hins vegar enga bið, treystir stórstúkan því, að frumvarpinu verði vel tekið af Alþingi, og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllst.

Kristinn Stefánsson,  
stórtemplar.

Jóh. Ögm. Oddsson,  
stórritari.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.